

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. maí 2010
Tilvísun: 2010050005
Bréfalykill: 50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um raforkulög, 573. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 4. maí 2010, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um raforkulög (flutningskerfi, gjaldskrár, EES-reglur o.fl.), 573. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér frumvarpsins og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum. Athugasemdir Orkustofnunar snúa fyrst og fremst að þeim greinum raforkulaga sem frumvarpið fjallar um, en til mun standa að leggja fram breytingar á öðrum greinum laganna næsta haust. Þó vill stofnunin vekja athygli á breytingum sem að stofnunin telur knýjandi að gert verði á raforkulögum sem fyrst.

1. gr. frumvarpsins um 3. gr. raforkulaga

a) Orkustofnun er sammála tillögunni.

b) Orkustofnun telur heppilegt að hverfa frá nýtingartímaskilgreiningu eins og hér er gert. Orkustofnun telur ekki hættu á að núverandi notendur forgangsortu muni eiga möguleika að teljast til stórnotenda, en skv. fyrirbyggjandi upplýsingum hjá stofnuninni er enginn almennur forgangsortunotandi, í dag, að nota meira en 20 GWh. Orkustofnun telur þó að með lækkun marka fyrir stórnotendur verði skil flutnings og dreifingar óskýrari og að e.t.v. þurfi að skilgreina betur hlutverk flutnings-fyrirtækisins, eins og t.d. hvort að það sé hlutverk þess að flytja rafmagn á 33 kV eða lægri spennu.

c) Orkustofnun gerir engar athugasemdir.

2. gr. frumvarpsins um 5. gr. raforkulaga

Orkustofnun telur rýmkunina vera til mikilla bóta en telur þó að skoða mætti að fella alfarið niður skyldur virkjana til að tengjast flutningskerfinu, og láta hagkvæmni eina ráða för.

Tillaga Orkustofnunar: Við 1. másl. 3 mgr. 5. gr. bætist **eða dreifiveitum**. 2. másl. 3. mgr. 5 gr. falli niður. 1 másl. orðist því: *Tengja skal leyfis skylda virkjun flutningskerfinu **eða dreifiveitum**, sbr. þó 2. mgr. 11. gr.*

3. gr. frumvarpsins um 8. gr. raforkulaga

a) Orkustofnun gerir ekki aðrar athugasemdir en þær að með öflugum laga- og eftirlitsumhverfi, stafar þjóðfélaginu talsvert minni hættu af flutningsfyrirtæki í einkaeigu en t.d. markaðsráðandi framleiðsluaðila í einkaeigu. Þá er Orkustofnun á þeirri skoðun að heppilegt sé að flutningsfyrirtækið sé óháð einstökum orkuframleiðendum. Þá telur Orkustofnun að fella megi út skilyrði um hlutafélagaform flutningsfyrirtækisins, þá yrði núverandi flutningsfyrirtæki líklegast opinbert hlutafélag, verði frumvarpið að lögum.

b) Orkustofnun er sammála þessari útvíkkun á viðskiptavinahugtaki flutningsfyrirtækisins. Jöfnunarábyrgir og væntanlegir leikendur á þeim raforkumarkaði sem flutningsfyrirtækið

hefur leyfi til að reka, geta vart verið annað en viðskiptavinir fyrirtækisins. Hins vegar kaupir flutningsfyrirtækið auðvitað þjónustu af allskonar þjónustufyrirtækjum sem hljóta á einhvern hátt að vera viðskiptavinir flutningsfyrirtækisins án þess að lögin heimili það beint. c) Orkustofnun er sammála greininni enda í raun um bráðabirgðaákvæði að ræða. Orkustofnun hefur á fyrri stigum lagt fram tillögur um hvað gera skuli, ákveði ráðherra að svipta flutningsfyrirtæki einkaleyfi sökum brota á leyfi eða annarri vanrækslu sem stofnunin teldi rétt að taka til skoðunar og sérstaklega er fjallað um í 7. mgr. 8. gr. laganna. Með frumvarpinu er að vísu gert ráð fyrir að ríkið eignist meirihluta í flutningsfyrirtækinu og e.t.v. telur þingið að eigendavald þess dugi til þess að beina flutningsfyrirtækinu frá hugsanlegum brotum gegn lögum og leyfum og því þurfi enga varaskeifu. Sé svo er e.t.v. rétt að fella niður 7. mgr. 8. gr. en annars að uppfæra málsgreinina á annan hátt.

d) Orkustofnun er sammála meginefni greinarinnar en telur þó að skilyrði um „að samkeppni sé ekki raskað“ e.t.v. full opin. Samkeppni sé raskað að mati hvers og hvort að einhverjum beri skylda til að kanna mögulega samkeppnisröskun? Um leið vakna spurningar um hvort skoða beri hvern verksamning eða útboðssamning fyrir sig? Þá kann að vera ruglingslegt að tala um *flutningsgetu* flutningsfyrirtækisins þegar verið er ræða um einhvers konar ónýtta bandvídd, í fjarskiptakerfum.

4. gr. frumvarpsins um 9. gr. raforkulaga

Orkustofnun telur orðalagið til bóta enda sé ljóst að með orðinu raflínu, sem skilgreind er í 3. gr. rafokurlaga sé hvort tveggja vísað til loflína sem og jarðstrengja.

Aðrar tillögur Orkustofnunar til breytinga á 9. gr. raforkulaga:

Krafa um bætur til notenda vegna skerðingar raforku.

Æskilegt væri að setja inn heimildarákvæði til að setja í reglugerð kröfu um bætur til notenda vegna skerðingar á raforkuafhendingu í þeim tilvikum þegar um langvarandi skerðingu er að ræða, þó þannig að skerðing af völdum fávíðris eða náttúruhamfara verði undanskilin. Nánar skal kveða á um upphæð bóta sem og bótaskyld tilvik í reglugerð.

Tillaga: Við 3. mgr. 9. gr. bætist nýr töluliður sem segir: *Greiða þeim notendum sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu bætur. Um upphæð bóta og bótaskyld tilvik skal kveðið á um í reglugerð.*

Skilgreining á tengingum við útlönd.

Fjöldi fyrirspurna hefur í gegnum tíðina borist vegna tenginga til útlanda. Skilgreina þarf skyldur flutningsfyrirtækisins gagnvart slíkum tengingum og jafnvel að skilgreina aflandsstöð sem stórnotanda. Jafnframt er spurning hvort að ákvæði 1. töluliðs 3. mgr. 9. gr. skyldi flutningsfyrirtækið til þess að tengjast aflandsstöðvum eða jafnvel notendum utan landssteina.

5. gr. frumvarpsins um 11. gr. raforkulaga

Orkustofnun gerir ekki aðrar athugasemdir en þær að heppilegra orðalag í breytingartexta væri frekar: *enda tengist hvorki virkjun né notandi flutningskerfinu beint eða um dreifiveitu* í samræmi við orðalag um tengingu virkjana við flutningskerfið í 3. mgr. 5. gr. laganna.

6. gr. frumvarpsins um 12. gr. raforkulaga

Orkustofnun telur 1. mgr. 6. gr. í raun vera skilgreiningu sem á því betur heima í 3. gr. raforkulaganna þar sem tekjumörk eru skilgreind.

[...] Orkustofnun skal setja flutningsfyrirtækinu tekjumörk vegna kostnaðar við flutning á raforku.

Orkustofnun telur rétt að nota orðalagið „tekjumörk vegna flutnings á raforku“ enda eru tekjumörkin á tekjur en ekki kostnað.

Tekjumörk skulu tvískipt, þ.e. vegna flutnings á raforku til dreifiveitna annars vegar og vegna flutnings til stórnotenda hins vegar sem skulu ákvörðuð í bandaríkjadölum.

Orkustofnun leggst gegn því að tekjumörkin verði í bandaríkjadölum. Jafnvel þó svo að ákveðið verði að eignir tengdar stórnotendum skuli uppreiknaðar m.v. gengi bandaríkjadals frá byggingartíma, þá á stór hluti tekjumarka sér innlenda uppsprettu. Þannig verður sögulegur rekstrarkostnaður færður í krónum og mun að óbreyttu fylgja íslenskri vísitölu neysluverðs. Hið sama á við varðandi kerfisþjónustu og töp, svo framarlega sem að sama gjaldskrá verði fyrir þá þjónustu fyrir almenna notendur.

[...] Starfsemi flutningsfyrirtækisins samkvæmt [3. mgr. 8. gr.] er undanskilin við ákvörðun tekjumarka. Sama gildir um orkukaup vegna tapa í flutningskerfinu og aðföng vegna kerfisþjónustu.

Orkustofnun leggst alfarið gegn ofangreindum ákvæðum varðandi fjarskiptakerfi og sérfræðiþekkingu. Áðurnefnd þjónusta byggir eftir sem áður á sérleyfisstarfsemi og ljóst að hún mun fyrst og fremst þrífast í skjóli hennar auk þess að hafa áhrif á samkeppnisstöðu. Óeðlilegt sé að verulegur hagnaður geti myndast af slíkri starfsemi án þess að ávinningurinn renni til notenda sérleyfisþjónustunnar. Slíkt þarf þó ekki að eiga sér stað varðandi rekstur raforkumarkaðs.

Þá varar Orkustofnun við að orkukaup vegna tapa og aðföng vegna kerfisþjónustu verði tekin út úr tekjumörkum, enda alveg ljóst að flutningsfyrirtækið hefur fullkomna einokun á þjónustunni og seldi hana fyrir 1,7 milljarð árið 2009 og óhæfa er að sérleyfisfyrirtæki hafa frjáltsar hendur með verðlagningu hennar. Orkustofnun telur þar fyrir utan að slík undanþága af reglun á sérleyfisfyrirtæki í flutningi brjóti í bága við a lið 1. tl. 37. greinar Evróputilskipunar 2009/72/EC. Orkustofnun leggur til að þessi texti verði tekin úr frumvarpinu.

Tekjumörkin skulu ákveðin út frá [...]. Við ákvörðun rekstrarkostnaðar við setningu tekjumarka skal taka tillit til meðal rekstrarkostnaðar síðustu fimm ára með eins árs töf að teknu tilliti til verðlagsbreytinga og áhrifa nýrra stórra fjárfestinga á rekstrarkostnað flutningsfyrirtækisins.

Orkustofnun leggst gegn því að nákvæmt verklag sé sett inn í lagatextann. Hér er um mun ítarlegri lýsingu á tekjumörkunum en áður hefur verið, án þess að bent hafi verið á tilgang þess. Reynt skuli að hafa textann stuttan og einfaldan, en að nákvæmari útfærsla verði í reglugerð eða leiðbeiningum Orkustofnunar, sem hingað til. Þá myndi Orkustofnun gera að tillögu sinni að fyrir tekjumörk 2011 til 2015 verði eingöngu 4 ár notuð, þar sem árið 2005 fengi annars of mikið vægi. Þá leggst stofnunin gegn því að áætlaður rekstrarkostnaður vegna stórra fjárfestinga verði tekinn inn, rétt eins og að áætlaður rekstrarkostnaður vegna eldri virkja verði tekinn út, en slíks er þörf eigi reglan að vera samhverf en ekki bara að ýta undir útbenslu flutningskerfisins.

Þegar stórar fjárfestingar bætast við fastaffármuni flutningsfyrirtækisins skal skipting rekstrarkostnaðar milli tekjumarka annars vegar fyrir stórnotendur og hins vegar fyrir dreifiveitur uppfærð. Við setningu nýrra tekjumarka skal endurskoðuð skipting rekstrarkostnaðar á milli stórnotenda og dreifiveitna liggja fyrir.

Hvað eru stórar fjárfestingar? Orkustofnun telur ekki rétt að fara í lagatextanum út í smáatriði skiptingarinnar, sérstaklega þegar haft er í huga að þær reglur sem stofnunin hefur lagt fram gera ráð fyrir að endanleg skipting ráðist af notkun kerfisins á hverju ári fyrir sig, og sé því í raun ákveðin eftirá. Stofnunin telur hins vegar rétt að sú aðferðafræði sem byggt sé á viðskiptingu bæði fastafjármuna sem og rekstrarkostnaðar liggja fyrir áður en að tímabil hefst.

2. Arðsemi flutningsfyrirtækisins af flutningsstarfsemi skal vera sem næst vegnum fjármagnskostnaði að teknu tilliti til skatta og að frátöldum verðlagsbreytingum. Arðsemi til grundvallar tekjumörkum skal vera jöfn hlutfalli milli annars vegar hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og hins vegar bókfærðs virðis fastafjármuna sem nauðsynlegir eru til reksturs flutningskerfisins auk 20% af tekjumörkum síðasta árs til að mæta kostnaði af veltufjármunum.

Orkustofnun telur allríflegt að gera ráð fyrir að mismunur óvaxtaberandi inneigna og vaxtaberandi útistandandi viðskiptaskulda nái fimmtungi af heildarveltu flutningsfyrirtækisins. Jafnvel þó svo illa færi að töp og kerfisþjónusta fari út úr tekjumörkum. En hvað þýða 20% af tekjumörkum síðasta árs? Þessi útfærsla, að því er skilja má við lestur athugasemda með frumvarpinu, tekur ekki tillit til þess að stór hluti veltufjármuna er vaxtaberandi og fengi flutningsfyrirtækið því tvöfalda vexti. Gjaldldagi flutningsreikninga er yfirleitt 5 til 6 vikum eftir að þjónustan er reidd af hendi, sem er nær 10 til 12% af tekjumörkum ársins. Þá er ýmis kostnaður félagsins greiddur eftir að hann fellur til, t.d. laun hálfum mánuði eftir þjónustu, töp og kerfisþjónusta einnig greidd nokkru síðar o.s.frv. Þýðir orðalagið *áfrátöldum verðlagsbreytingum* að notast eigi við raunvexti? Og á að reikna mismunandi raunarðsemi á 20% álagið eftir því í hvaða mynt útistandandi kröfur flutningsfyrirtækisins eru hverju sinni? Orkustofnun telur eðlilegra að skýrara, sanngjarnara og fastara land verði haft undir fótum þegar fjallað er um arðsemina.

Fastafjármunir þessir [...]. Stærri fjárfestingar skulu teljast til fastafjármuna frá þeim tíma sem þær fara í notkun en minni fjárfestingar skulu taldar til fastafjármuna frá þeim tíma sem fjárfestingin á sér stað.

Orkustofnun telur að enn vantar skilgreiningar á stærri fjárfestingum. Þá er Orkustofnun óskiljanlegt hvers vegna minni fjárfestingum sé gert hærra undir höfði en þeim smærri og að sífellt þurfi að taka upp nýjar smáfjárfestingar inn í tekjumörk. Orkustofnun telur það fyrirkomulag sem verið hefur, að leyfisskyldar (stærri) fjárfestingar komi inn á þeim tíma sem virkin eru tekin í notkun, en að smærri komi inn í upphafi næsta árs vera til mikillar einföldunar og bóta, sér í lagi ef að horft er til starfsemi dreifiveitnanna.

Eignastofn vegna tekjumarka fyrir stóriðju skal vera í bandaríkjadöllum og skulu eignir teknar inn í hann á opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands þess tíma sem þær voru teknar inn í eignastofn flutningsfyrirtækisins.

Í greininni er gert ráð fyrir að eignir tengdar stórnotendum verði í bandaríkjadöllum í stað íslenskra króna. Telja höfundar að með þessu móti megi tryggja betur tengsl tekjumarka, gjaldskrár og fjárhags Landsnets. Orkustofnun telur að skoða þurfi betur og gera grein fyrir ýmsum afleiðingum af slíkri breytingu, sérstaklega þegar horft er til lengri tíma. Er þessi breyting einhver lausn á fjármögnun flutningsfyrirtækisins til lengri tíma litið miðað við aðrar leiðir? 38% af skuldum Landsnets voru í árslok 2008 í erlendri mynt þar af innan við helmingur í bandaríkjadöllum. Gera þarf nánari grein fyrir áhrifum af eftirfarandi:

a) Ísl. krónan er afar veik um þessar mundir. Óvíst er að svo verði um langt skeið. Ef saman

drægi með ISK og bandaríkjadal, hvaða áhrif hefur það á tekjumörk til lengri tíma litið?

b) Hingað til hafa erlend lán LN ekki verið nema að hluta í bandaríkjadöllum, líklega vegna hagstæðari vaxta. Verði þörf á lántöku hjá LN mun fyrirtækið áfram taka lán þar sem þau byðust með hagstæðustu kjörum sem þá ekki endilega væri í bandaríkjadöllum? Hvaða áhrif hefði misgengi milli mismunandi gjaldmiðla og hvaða áhrif hefði það á tekjumörk LN til framtíðar?

Ljóst má vera að LN hefur beðið mikið gengistap vegna lána og afleiðusamninga. Spurningin er, hver á að bera tapið af þessum fjármálagjörmum fyrirtækisins? Innlendir orkuframleiðendur eru í dag greiðendur um 95% af stóriðjugjaldskrá Landsnets, þannig að verði gengistap Landsnets sett út í verðlagið, munu innlendir orkuframleiðendur þurfa að taka stærsta hluta skellsins á sig.

[...] Á grundvelli þessa tölulíðar skal arðsemi ákvörðuð að fengnu mati sérfróðra aðila.

Hverjir eru þessir sérfróðu aðilar og hverjar eru leiðbeiningar þeirra aðrar en raunvextir? Fyrirmæli um arðsemi sem er einn veigamesti liður tekjumarkna er orðinn mun óljósari en hann var áður, þar sem vísað er til 5 ára ríkisskuldabréfa. Nú eru engar leiðbeiningar um arðsemina aðrar en að notast skuli við raunvexti, sem Orkustofnun styður reyndar heilshugar.

[...] 4. Áreiðanleika afhendingar þar sem frávik frá viðmiðum geta leitt til hækkunar eða lækkunar tekjumarkna.

Orkustofnun efast um réttmæti ofangreindrar tengingar milli afhendingaröryggis og tekjumarkna. Í orkulögum Norðmanna eru ákvæði um tengsl milli tekjumarkna og áreiðanleika afhendingar. Aukin afköst hjá fyrirtækjum geta réttlætt ábata fyrir starfsfólk. En hversu mikill hluti af truflunum hjá Landsneti er háður starfsmönnum eða afköstum þeirra. Um 60% af truflunum hjá fyrirtækinu á tímabilinu 1999 til 2008 eru raktar til veðurs. Skjótari viðbrögð starfsmanna við að koma straum á aftur stytta vissulega raforkuskæringuna, en hversu mikið? Sé vilji stjórnvalda fyrir ofangreindri tengingu milli afhendingaröryggis og ábata hjá fyrirtækinu, þarf að skilgreina mjög ítarlega í reglugerð hvernig grunnildi til útreiknings á stuðli til hækkunar eða lækkunar á tekjumörkum skuli reiknað úr svo og hversu mikil áhrif áreiðanleiki afhendingar skuli hafa á tekjumörk fyrirtækisins, til hækkunar eða lækkunar.

Náist ekki markmið þessara laga um skilvirkni í rekstri flutningsfyrirtækisins með afmörkun tekjumarkatímabíla er Orkustofnun heimilt að setja flutningsfyrirtækinu hagræðingarkröfu fyrir nýtt tekjumarkatímabil, að fengnu mati sérfróðra aðila, eftir að flutningsfyrirtækinu hefur verið gefinn kostur á að tjá sig um slíkar fyrirætlanir. Slík hagræðingarkrafa skal byggjast á sjónarmiðum sem byggt er á í sambærilegum rekstri um hvað telst skilvirkni í rekstri, studd af undangengnu hagrænu mati. Orkustofnun skal tilkynna flutningsfyrirtækinu með tveggja mánaða fyrirvara ef framkvæma á slíkt mat og skal því lokið eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir upphaf viðkomandi tekjumarkatímabíls.

Orkustofnun leggst alfarið gegn því að í lagatexta sé fjallað um dagsetningar, skilyrði fyrir því að mega leggja hagræðingarkröfur á flutningsfyrirtækið, og hvernig engin hagræðingarkrafa skuli lögð á fyrirtækið næstu fimm árin liggja niðurstaða ekki fyrir 4 mánuðum fyrir áætlaða gildistöku nýrra tekjumarkna, e.t.v. vegna tafa sem rekja megi til flutningsfyrirtækisins, eða deilna um það hvort að áður nefnd markmið hafi náðst. Orkustofnun leggst gegn því að önnur útfærsla eða takmarkanir á hagræðingu verði sett í lög, önnur en mögulegt hámark þeirrar hagræðingarkröfu sem hlutfall á tekjumörk hvers árs. Textinn beri það allt með sér að hafa verið saminn af þeim sem eftirlitið á að ná yfir, en hvergi með hagsmuni þeirra í huga, sem

eftirlitinu er ætlað að sinna.

Eigi síðar en 1. september árið áður en ný tekjumörk taka gildi skal Orkustofnun setja tekjumörk fyrir flutningsfyrirtækið fyrir næsta tekjumarkatímabil.

Eigi síðar en 1. maí ár hvert skal flutningsfyrirtækið skila Orkustofnun rekstrarupplýsingum vegna fyrra árs. Eigi síðar en 1. júlí ár hvert skal Orkustofnun skila uppfærðum tekjumörkum og uppgjöri vegna fyrra árs til flutningsfyrirtækisins sem og viðeigandi rökstuðningi fyrir breytingum ef einhverjar eru. Í uppgjöri tekjumarka við lok hvers árs skulu bornar saman rauntekjur og uppfærð tekjumörk ársins.

Orkustofnun leggst gegn þessum tímasetningum, bæði eru þær of knappar, krefjast verulegrar vinnu yfir sumarmánuðina auk þess sem tímasetningar verklags eiga að mati stofnunarinnar ekkert erindi inn í lögin. Þá þarf Orkustofnun að fylgjast með starfsemi 7 sérleyfisfyrirtækja og því gefst allknappur tími til að sinna hverju fyrir sig. Fyrst framkvæma endurskoðendur almenna skoðun á reikningunum allra sérleyfisfyrirtækjanna, en það fara yfirleitt 1 til 2 fyrirtæki í gegnum sérstaka stærri úttekt á bókhaldi. Þeir gera skýrslu sem sérleyfisfyrirtækjunum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við. Samhliða vinnur Orkustofnun að gerð tekjumarka fyrir framtíðina og uppgjör eldri tekjumarka. Öll þessi vinna tekur talsverðan tíma og tekur m.a. til sumarleyfistíma hjá bæði Orkustofnun sem og orkufyrirtækjunum. Hjá stærri orkufyrirtækjunum kunna aðrir starfsmenn að vera tilbúnir að svara spurningum og athugasemdum Orkustofnunar í júlí og ágúst, en sú er alla vega ekki raunin með hin smærri. Þá er eftirlit Orkustofnunar fámennt og verður sumarafleysingarmönnum ekki falin gerð tekjumarka sem hlaupa á milljörðum. Orkustofnun telur að verði þessar dagsetningar leiddar í lög sé það til þess gert að veikja eftirlit stofnunarinnar með sérleyfisfyrirtækjum verulega, nema tilheyrandi auknar fjárveitingar fáiast.

Heimilt er að færa of- eða vanteknar tekjur samkvæmt tekjumörkum milli ára við árlegt uppgjör tekjumarka en uppsafnaðar of- eða vanteknar tekjur skulu aldrei nema meira en 10% af uppfærðum tekjumörkum hvers uppgjörárs. Komi í ljós við uppgjör tekjumarka að uppsafnaðar oftekna tekjur eru umfram þessi mörk skal ná hlutfallinu niður fyrir tilskilin mörk eigi síðar en fyrir lok næsta árs á eftir. Óheimilt er að flytja vanteknar tekjur umfram framangreind viðmið milli ára.

Orkustofnun hefur áður lagt til að mörkin verði verulega rýmri en þau sem hér er lagt út frá eða 25% af uppfærðum tekjumörkum tímabilsins. Rýmri mörk séu til þess gerð að draga úr skyndilegum sveiflum á gjaldskrá þar sem óvæntir atburðir geta raskað tekjum flutningsfyrirtækis og dreifiveitna og gera fyrirtækjunum kleift að eiga inni varasjóð kjósi þau ekki að fullnýta tekjumörkin og þannig stuðli að lægri gjaldskrá en ella. Þarna er líka verið að setja verulega meiri skorður á svokallaðan hlaupareikning en Orkustofnun er kunnugt um að tíðkist í samanburðarlöndunum. Leggur stofnunin til að þessi mörk verði í upphafi ákveðin rýmri, en verði þrengd, horfi til vandræða. Þá leggur Orkustofnun áherslu á heimilt verði að reikna vexti af ofteknu og vanteknu tekjunum þannig að sérleyfisfyrirtækin geti ekki fengið vaxtalaus lán frá viðskiptavinum sínum.

Tillaga: Í stað ofangreindrar tilvitnunar komi: *Heimilt er að færa of- eða vanteknar tekjur samkvæmt tekjumörkum milli ára. Í reglugerð skal kveðið takmörk á heimild til uppsöfnunar réttinda og skuldbindinga. Slík réttindi og skuldbindingar skulu vera vexti í samræmi við leyfða arðsemi skv. lögum þessum.*

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum mun verða tekið út úr lagatextanum næstsíðasta

málgrein ákvæðisins um efri og lægri mörk (raunverulegrar?) arðsemi flutningsfyrirtækisins. Þetta er ákveðin öryggisklausa sem leyfir Orkustofnun að bregðast við stefni í óefni í rekstri fyrirtækisins, sérstaklega vegna ónógrar arðsemi, svo sem með tímabundinni hækkun tekjumarka. Óvíst er hvort að umræða hafi farið fram um þetta mál.

Orkustofnun telur ójafnvægi vera í textanum. Þrátt fyrir að textinn hafi lengst verulega frá núgildandi lagatexta, hefur fátt skýrst, veigamiklir þættir eins og arðsemi sem voru í gamla textanum hafa verið sveipaðir þoku og leitast við að draga úr hlutverki Orkustofnunar, setja störfum hennar skorður og fjölga „utanaðkomandi“ fólki inn í reglunina, þá væntanlega á kostnað stofnunarinnar eða ráðuneytisins. Orkustofnun telur að greinin þurfi allítarlegrar endurskoðunar og geti varla verið heppilegur grunnur fyrir nýja lagasetningu

Aðrar tillögur Orkustofnunar.

Greitt verði flutningsgjald af allri raforku sem ekki tengist raforkuframleiðslu

Flutningsfyrirtækið hefur ekki talið sig hafa heimild til þess að innheimta flutningsgjald fyrir t.d. dælingu á heitu vatni frá virkjunum til notkunarstaðar á meðan dælurnar eru staðsettar inni á virkjunarsvæðum. Því er hitaveitum mismunað eftir staðsetningu dæla. Þetta kemur að mati Orkustofnunar jafnframt í veg fyrir samkeppni í sölu á raforku til hitaveitna.

Tillaga: Við lok 4. mgr. 12. gr. bætist við: *Greiða skal af notkun í virkjunum, þegar notkunin er ótengd beinum rekstri raforkuversins (þ.e. önnur notkun en skilgreind er sem eigin notkun raforkuvers).*

7. gr. frumvarpsins um nýja 12. gr. a raforkulaga

Á eftir 12. gr. laganna [...] Gjaldskráin skal gilda annars vegar fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi og hins vegar fyrir úttekt stórnotenda sem skal ákvörðuð í bandaríkjadöllum. Orkustofnun telur ekki þörf fyrir að skylda flutningsfyrirtækið til að hafa gjaldskrá í bandaríkjadöllum, þó svo að það hafi heimild til þess.

Byggt skal á því að verðlagning flutningsfyrirtækisins vegna flutnings til dreifiveitna sé í samræmi við meðalkostnað að teknu tilliti til sjónarmiða um arðsemi.

Að mati Orkustofnunar er málgreininni ofaukið. Búið er að segja að gjaldskrá skuli vera í samræmi við tekjumörk og umfjöllun um arðsemi á ekki heima í þessum kafla. Ef arðsemi er of lítil þarf að taka á því í tekjumörkum, ekki gjaldskrá.

Gjaldskrá fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi á afhendingarstöðum, sbr. 6. tölul. 3. gr., skal miðast við að raforka sé afhent á 66 kV spennu. Ef orka frá flutningskerfi er afhent til dreifiveitna á hærri spennu ber að lækka gjaldtöku með tilliti til þess.

Orkustofnun teldi rétt að opna fyrir heimild til að hafa einnig gjaldskrá til stórnotenda spennutengda í ljósi þess að samkvæmt frumvarpinu er verið lækka þann þröskuld sem stórnotendur þurfa að klífa.

Með sama hætti skal taka tillit til afhendingaröryggis við gjaldtöku fyrir úttekt á einstökum afhendingarstöðum.

Þetta ákvæði hefur ekki verið nýtt, og ætti e.t.v. að fara út því að það leggur skyldur á flutningsfyrirtækið, án þess þó að hvað teljist til ásættanlegs afhendingaröryggis hafi verið útfært, hvorki í lögum, reglum, netmálum eða öðru. Í drögum að netmála hefur Landsnet lagt

til útfærslu á ótryggðum flutningi, byggða á geislatengingum.

Gjaldskrá fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi skal miðast við heildarmagn raforku sem flutt er til dreifiveitusvæðisins auk þess sem móttakið er beint frá virkjun innan dreifiveitusvæðisins, sbr. þó [2.] mgr. Ekki skal greitt af notkun í einangruðum kerfum innan dreifiveitusvæða sem ekki njóta tengingar við flutningskerfið.

Orkustofnun telur rétt að taka af öll tvímæli um að öll raforkunotkun sem ekki tengist raforkuframleiðslu beint og tengd er flutningskerfinu greiði flutningsgjald og inn í textann komi: *Greiða skal af notkun í virkjunum, þegar notkunin er ótengd beinum rekstri raforkuversins (þ.e. önnur notkun en skilgreind er sem eigin notkun raforkuvers).* Orkustofnun telur jafnframt að brottfall allrar vísunar og heimildar til innmötunargjalds í lögum geti verið varhugaverð.

Greiða skal úttektargjald til flutningsfyrirtækisins vegna framleiðslu virkjana sem tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu sem hér segir:

- 1. Vegna þeirrar orku sem framleidd er í virkjun sem er undir 1,42 MW skal ekki greiða úttektargjald til flutningsfyrirtækisins.*
 - 2. Vegna orku sem framleidd er í virkjunum á stærðarbilinu 1,42–3,1 MW skal ekki greiða úttektargjald við neðri stærðarmörkin en síðan skal gjaldið fara hlutfallslega hækkandi þar til það nemur 60% fulls úttektargjalds við efri mörkin.*
 - 3. Vegna orku frá virkjun sem er 3,1–10 MW skal greiða 60% fulls úttektargjalds.*
- Varaafsstöðvar sem nýttar eru þegar truflanir koma upp í raforkukerfinu skulu undanþegar greiðslum til flutningskerfisins [...].*

Orkustofnun telur að útfærsla smávirjunarákvæðisins eigi betur heima í reglugerð.

[...] Sé orka afhent beint til stórnotenda, frá virkjun sem nýtur tengingar við flutningskerfið, án þess að orkan fari um flutningskerfið og án þess að flutningskerfið taki þátt í kostnaði við tengingu notandans skal greiðsla úttektargjalds til flutningskerfis nema 60% af úttektargjaldi til stórnotenda. Heimilt er að veita frekari afslátt af úttektargjaldi ef úttekt stórnotandans er alfarið háð því að orkuvinnslan komi frá virkjuninni. Í öllum tilvikum skal greiða fyrir kerfishjónustu samkvæmt gildandi gjaldskrá flutningsfyrirtækisins.

Orkustofnun veit ekki til þess að þessi 40% afsláttur hafi hlotið miklar umræður, en þarna er um talsverða breytingu að ræða. Orkustofnun telur að sérstakur frekari afsláttur, þarfnist samþykkis Orkustofnunar í hverju tilfelli fyrir sig.

Flutningsfyrirtækið geti ekki ákveðið slík afsláttarkjör upp á sitt einsdæmi. Þá er í þessu ákvæði notendum raforku mismunað eftir því hvort að þeir eru stórnotendur eða ekki. Væri ákvæðið látið gilda um alla notendur, væri dæling í virkjunum kominn inn í þennan pakka með 40% afslætti sem teldist e.t.v. viðunandi málamiðlun.

Flutningsfyrirtækinu er heimilt að afhenda raforku til stórnotenda á 66 kV eða lægri spennu enda standi sérstök gjaldtaka undir viðbótarkostnaði.

Orkustofnun telur ákvæðið óþarft, enda er flutningsfyrirtækið þegar tengt viðskiptavinum sínum á 66 kV og jafnvel lægri spennu. Og *[k]refast skal, óháð spennustigi, greiðslu ef tenging nýrra [notanda] veldur auknum tilkostnaði annarra notenda kerfisins.* Þá er stofnunin þeirrar skoðunar að rétt sé að byggja stórnotendagjaldskrána upp með spennuálagi eða spennuafslætti, líkt og almennu gjaldskrána, frekar en viðvarandi sérstöku álagi á einstaka

notendur.

[...] Eigi síðar en sex vikum fyrir fyrirhugaða gildistöku skal gjaldskrá flutningsfyrirtækisins send Orkustofnun. Telji stofnunin framlagða gjaldskrá brjóta í bága við ákvæði laga þessara eða reglugerða skal hún koma athugasemdum á framfæri við flutningsfyrirtækið innan tveggja vikna frá móttöku. [...]

Orkustofnun styður framkomnar breytingar styttingu á tímafresti fyrir gjaldskrárbreytingu flutningsfyrirtækisins úr 2 mánuðum í 6 vikur. Stofnunin telur hins vegar að stytting á afgreiðslutíma stofnunarinnar úr 6 vikum í tvær vikur gangi of langt. Stofnunin hefur lagt til að sá tími verður þó stytur niður í 3 vikur. Samkvæmt reglugerð ber nú flutningsfyrirtækinu að tilkynna viðskiptavinum sínum fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar þannig að t.d. dreifiveitum vinnist tími til þess að undirbúa og kynna Orkustofnun tillögur sínar að nýjum gjaldskrárám í samræmi við boðaðar breytingar flutningsfyrirtækisins.

[...] Krefjast skal greiðslu ef tenging nýrra virkjana eða stórnotenda við flutningskerfi veldur auknum tilkostnaði annarra notenda kerfisins.

Orkustofnun telur að rétt sé að vísa til tengingar nýrra viðskiptavina, þ.e. að ákvæðið nái nú einnig yfir mögulega nýja tengistaði dreifiveitna, þar sem samkvæmt frumvarpinu er nú opnað fyrir nýjar tengingar við dreifiveitur án atbeina Alþingis

8. gr. frumvarpsins um 13. gr. raforkulaga

Orkustofnun telur að skoða þurfi þetta ákvæði betur. Yfir allan vafa er hafið að flutningsfyrirtækið eitt ber ábyrgð á að afhenda stórnotendum raforku. Stórnotendur eru jafnframt allir staddir inni á sérleyfissvæðum einhverra dreifiveitna. Á meðan hlutverk flutningsfyrirtækisins er ekki skilgreint út frá spennu, kemur ekkert í veg fyrir afhendingu þess á lægri spennu, telji fyrirtækið slíkt *stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi*. Ekkert er því til fyrirstöðu að flutningsfyrirtæki semji við dreifiveitur um afnot á búnað, hvort sem er á 11 kV eða hærri. En í raun á flutningsfyrirtækið ekkert undir dreifiveitunni varðandi afhendingu á raforku til stórnotenda svo framarlega sem ekki er samið um afnot af búnaði eða aðstöðu í eigu dreifiveitna. Orkustofnun leggst því gegn 8. gr.

Tillaga Orkustofnunar til breytinga á 16. gr. raforkulaga

Æskilegt væri að setja inn heimildarákvæði til að setja í reglugerð kröfu um bætur til notenda vegna skerðingar á raforkuafhendingu í þeim tilvikum þegar um langvarandi skerðingu er að ræða, þó þannig að skerðing af völdum fárviðris eða náttúruhamfara verði undanskilin. Nánar skal kveða á um upphæð bóta sem og bótaskyld tilvik í reglugerð.

Tillaga: Við 3. mgr. 16 gr. bætist nýr töluliður sem segir: *Greiða þeim notendum sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu bætur. Um upphæð bóta og bótaskyld tilvik skal kveðið á um í reglugerð.*

9. gr. frumvarpsins um 17. gr. raforkulaga

Orkustofnun gerir að meginhluta sömu athugasemdir og við 6. gr. Því til viðbótar er stofnuninni ókunnugt um af hverju vísað er til gengis gjaldmiðla sbr. lokamálsgrein 9. gr. frumvarpsins.

10 gr. frumvarpsins um 17. gr. raforkulaga

Orkustofnun gerir að meginhluta sömu athugasemdir og við 7. gr. Stofnunin telur þó að einfalda og skýra megi 1. mgr. þannig að hún hljóði: *Sama gjaldskrá skal gilda á veitusvæði*

hverrar dreifiveitu. Þó er heimilt að taka tillit til mismunar á þjónustu séu skilyrði fyrir því tiltekin í gjaldskrá.

Þá telur Orkustofnunin ekki rétt að stytta afgreiðslufrest stofnunarinnar niður í 2 vikur úr 6, heldur niður í 3 vikur. Hins vegar sé rétt að stytta kröfu á framlagningu nýrrar gjaldskrár til Orkustofnunar úr 2 mánuðum niður í 4 vikur.

11. gr. frumvarpsins um 18. gr. raforkulaga

Orkustofnun gerir ekki aðrar athugasemdir en þær að velja fyrir sér hvort að leyfi til að reka raforkumarkað eigi að heyra undir raforkulög og iðnaðarráðherra frekar en önnur viðskipti almennt.

12. gr. frumvarpsins um 24. gr. raforkulaga

Orkustofnun gerir engar athugasemdir við ákvæðið.

13. gr. frumvarpsins um 27. gr. raforkulaga

Orkustofnun telur rétt að endurskoða vísun í samkeppnisráð í sömu grein, enda það ráð ekki lengur til. Þar af leiðandi verði framvegis vísað til Samkeppniseftirlits.

14. gr. frumvarpsins um 32. gr. raforkulaga

Orkustofnun gerir engar athugasemdir við ákvæðið.

15. gr. frumvarpsins um bráðabirgðaákvæði

Orkustofnun er sammála því að fella niður þau bráðabirgðaákvæði sem tiltekin eru í greininni. Þá telur stofnunin nauðsynlegt að fella jafnframt út XII. bráðabirgðaákvæðið þar sem það stangast beinlínis á hið nýja I. ákvæði til bráðabirgða.

16. gr. frumvarpsins um viðauka

Orkustofnun er mjög sammála, en telur að ákvæði um greiðslu tengikostnaðar dreifiveita þurfi þó að koma til samhliða, sbr. síðustu athugasemd Orkustofnunar við 7. gr. frumvarps þessa. Orkustofnun telur jafnframt að ummæli greinagerðar um að viðaukinn *geti hamlað hagkvæmri útfærslu og uppbyggingu flutningskerfisins eigi jafnframt við um* dreifikerfið.

I. ákvæði frumvarpsins til bráðabirgða

Til mikilla bóta, en þá verður jafnframt að fella úr gildi XII. bráðabirgðaákvæðið.


II. ákvæði frumvarpsins til bráðabirgða

Orkustofnun telur farsælla að hafa mörk oftekinna og vantekinna gjalda rýmri eins og áður hefur komið fram. Þá vantar stafinn **r** í orðið dreifiveita.



Haukur Eggertsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Þórar Þorsteinsson
verkefnisstjóri